



6. stjórnarfundur HSV starfsárið 2017-2018. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, mánudaginn 4. desember 2017 kl. 16.30.

Mætt eru Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Ingi Björn Guðnason, Hildur Elísabet Pétursdóttir, Elísa Stefánsdóttir, Páll Janus Þórðarson, Heimir Hansson og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir sem ritaði fundargerð. Elín Marta Eiríksdóttir, Elísa Stefánsdóttir og Karl Ásgeirsson boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Samstarfssamningur HSV og Ísafjarðarbæjar
Farið yfir samstarfssamninginn eins og hann var samþykktur frá bæjarstjórn. Nokkur hækkun er á rekstrarfé til HSV og íbúðum utan samnings skal skilað inn í aföngum fyrir 1. október 2019.
2. Verkefnasamningur
Farið yfir tillögu framkvæmdastjóra um skiptingu verkefnasamnings. Þar er verkefnum skipt með tilliti til annarsvegar eðlis og umfangi verkefna og hinsvegar fjölda iðkenda 18 ára og yngri.
3. Önnur mál
 - a. Innganga íþróttabandalaga í UMFÍ. Guðný Stefanía formaður tilkynnir að boðaður hafi verið sambandsráðsfundur UMFÍ þann 13. janúar í Reykjavík þar sem þetta eina mál, innganga íþróttabandalaga, er á dagskrá. Fram kom hjá Guðnýju að stærstu spurningum HSV um þetta mál hvað varðar skiptingu lottófés síðar og annara verkefna er enn ósvarað. Nokkuð rætt um hvernig best væri að koma sjónarmiðum HSV til skila og fá svör við okkar spurningum. Guðný mun hafa samband við Auði framkvæmdastjóra UMFÍ og óska eftir fundi með henni og fulltrúum úr nefndinni sem vann að málinu fyrir hönd UMFÍ.
 - b. Jólakveðja frá HSV. Framkvæmdastjóri bar fram tillögu um hvert jólaglaðningur frá HSV færi þetta árið. Stjórn samþykkti tillögu einróma.

Fundi slitið kl. 18.00